

- 52 Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samið og
5. sept. samþykkt, samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að
öðlast gildi 1. október 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. sept. 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.

- 53
5. sept.

REGLUGJÖRÐ

um

**breyting á reglugjörð 16. júní 1915, um refaveiðar í vesturhluta Þingeyjar-
sýslu og reglugjörð 12. júní 1919, um breyting á sömu reglugjörð.**

1. gr.

Á eftir 14. gr. reglugjörðarinnar frá 16. júní 1915 komi nýr kafli um refaeldi svohljóðandi:

15. gr. Hver sá, er óskar að ala upp yrðlinga til þess að nota skinn þeirra sem verslunarvöru, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni á hverju ári, ekki síðar en á manntalsþingum. Fyrstu leyfisbeiðni skal fylgja úttektargerð sú, sem getur um í 16. gr.

16. gr. Yrðlingaeldi er bannað nema í húsum með steinlímdum eða járnvörðum veggjum að innan, steinlögðu gólfi, og öruggum útbúnaði um gluggajárnrimla og dyr. Skal hlutaðeigandi hreppstjóri með lögskipuðum úttektarmanni taka hús þessi út og meta, hvort tryggilega sje frá þeim gengið. Sje þeim á nokkurn hátt áfátt að þeirra dómi, og bæti eigandi það ekki þegar, skal hreppstjóri tafarlaust kæra það fyrir sýslumanni. Úttektir þessar borgar refaeldismaður, eins og venja er til um aðrar úttektir.

17. gr. Hreppstjóri hefir eftirlit með refaeldi í sínum hreppi; skal hann á hverju sumri, hið fyrsta eftir að refir eru komnir í eldi, fara til og telja hvolpana hjá hverjum refaeldismanni, og líta um leið eftir, að refaeldis-húsunum sje vel við haldið. — Þegar refadrápi er lokið, skal hreppstjóri gera aðra skoðun. Leggur refaeldismaður þá fram refabelgina til talningar. Vanti nokkuð á töluna frá því um vorið, tilkynnir hreppstjóri það þegar sýslumanni, og sektast refaeldismaður fyrir hvern hvolp sem ávantar, eins og hann

hefði sloppið, nema að sannað sje, að svo hafi ekki verið. Eftirlitsferðir hreppstjóra borgar refaeldismaður. **53**
5. sept.

18. gr. Fyrir hvern hvölp, sem sleppur hjá refaeldismanni greiðir hann 100 króna sekt.

19. gr. Hafi hreppstjóri refaeldi með höndum, eða sje nákominn refaeldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað, til að hafa á hendi eftirlit með refaeldi í hreppnum.

20. gr. Brot gegn 15. til 19. gr. varðar sektum frá 10 til 200 kr., nema þar sem öðruvísi er ákveðið hjer að framan.

Allar sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

2. gr.

15. gr. refaveiðareglugerðarinnar verði 21. gr.

3 gr.

16. og 17. gr. refaveiðareglugjörðarinnar og 4. gr. reglugjörðar 12. júní 1919 um breyting á henni falli niður.

4. gr.

18., 19., 20. og 21. gr. refaveiðareglugjörðarinnar verði 22., 23., 24. og 25. gr.

5. gr.

Aftanvið 21. gr., sem verður 25. gr. komi ný grein svohljóðandi:

26. gr. Með mál sem rísa út af brotum á reglugjörð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

22. gr. refaveiðareglugjörðinnar verði 27. gr.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjer með til að öðlast gildi 1. október 1924.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið 5. sept. 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.